

Til þess að tryggja **hæfni** starfsmanna sinna ætla Akureyrarbær

Upplýsingaflæði, samvinna og boðleiðir

að sjá til þess að stjórnendur og starfsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum, þekki boðleiðir og hafi sem besta innsýn í starf samstarfsaðila innan bæjarkerfisins

með því að

- starfsmanna- og stjórnendahandbækur séu aðgengilegar á heimasíðu Akureyrarbæjar og uppfærðar reglulega
Ábyrgð: Embættismenn og starfsmannaþjónusta
- stofnanir og deildir noti heimasíðu Akureyrarbæjar til að miðla upplýsingum um starfsemi sína og uppfæri þær reglulega
Ábyrgð: Stjórnendur deilda og stofnana
- allt nýtt fastráðið starfsfólk fari á nýliðanámskeið þar sem það er frætt um starfsemi og markmið Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsmannaþjónusta

Ráðningar

að ráða hæft og metnaðarfullt starfsfólk

með því að

- auglýsa öll störf nema þegar um er að ræða tímabundnar ráðningar eða tilfærslu í starfi
Ábyrgð: Stjórnendur
- gæta jafnræðis við ráðningar í störf
Ábyrgð: Stjórnendur
- stjórnendur hafi aðgang að og noti gátlista um vinnulag við ráðningar
Ábyrgð: Stjórnendur
- skilgreina starfskröfur í starfsauglýsingum í samræmi við starfslýsingar
Ábyrgð: Stjórnendur

Jafnrétti

að vinna markvisst að jafnrétti kynjanna

með því að

- fara eftir Jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Stjórnendur
- stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf
Ábyrgð: Stjórnendur
- stuðla að jöfnum hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum
Ábyrgð: Framkvæmdastjórn og embættismenn
- konum og körlum sem starfa hjá Akureyrarbæ standi til boða sömu tækifæri til símenntunar og starfsþróunar
Ábyrgð: Stjórnendur

Símenntun

að gera starfsfólki kleift að efla þekkingu sína og hæfni í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða Akureyrarbæjar

með því að

- gera símenntunaráætlun fyrir hvern vinnustað og hvern starfsmann, endurskoða hana árlega í starfsmannasamtali og skrá í mannauðskerfi Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Stjórnendur, starfsfólk og starfsmannaþjónusta
- nota starfsmannasamtöl og starfslýsingar til þess að meta fræðsluþarfir hvers starfsmanns
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólk
- tryggja jafnræði við símenntun
Ábyrgð: Stjórnendur

Stjórnunarhættir

að sjá til þess að markmið hvers vinnustaðar séu skýr og að starfsfólk þekki þau

með því að

- hugmyndafræði og markmið verði mótuð í samráði við starfsfólk
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólk
- markmið hvers vinnustaðar verði kynnt og rædd reglulega meðal starfsfólks
Ábyrgð: Stjórnendur

að tryggja að reglur um ábyrgðarmörk í stjórnsýslu Akureyrarbæjar séu þekktar

með því að

- reglurnar verði kynntar fyrir starfsfólki
Ábyrgð: Bæjarstjóri og aðrir stjórnendur
- reglurnar séu aðgengilegar í starfsmannahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Starfsmannaþjónusta

að tryggja að starfslýsingar séu til fyrir öll störf

með því að

- starfslýsingar verði gerðar fyrir öll störf og skráðar í mannauðskerfi Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Stjórnendur
- gera starfslýsingar um leið og ný störf verða til og endurskoða eftir þörfum
Ábyrgð: Stjórnendur

að sjá um að starfsmannasamtöl fari fram árlega á öllum vinnustöðum

með því að

- í boði verði námskeið um starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur og starfsfólk
Ábyrgð: Starfsmannaþjónusta
- tryggja eftirfylgni með því að yfirmenn skrái að starfsmannasamtali sé lokið í mannauðskerfi Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsmannaþjónusta
- starfsmannasamtalseyðublað og leiðbeiningar verði stjórnendum og starfsfólki aðgengilegt í starfsmannhandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Starfsmannaþjónusta

að efna til fjölbreyttrar fræðslu fyrir stjórnendur

með því að

- námsáætlun verði gefin út tvisvar á ári
Ábyrgð: Starfsmannaþjónusta og fræðslunefnd
- starfsdagar stjórnenda verði tvisvar á ári þar sem stjórnendum gefst kostur á að eflast sem hópur, fræðast og ræða sameiginleg málefni
Ábyrgð: Framkvæmdastjórn og starfsmannaþjónusta